**160. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 16. apríl 2009 og hófst kl. 16:15.**
**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Kristrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Oddný Árnadóttir 2. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

Forseti setti fund.

**1. Íþróttaþing**

Forseti fór yfir undirbúning Íþróttaþings.
Samþykkt að leggja til við 69. Íþróttaþing ÍSÍ að sæma eftirtalda heiðurstitlinum Heiðursfélagi ÍSÍ:
Alfreð Þorsteinsson, Hafstein Þorvaldsson, Lovísu Einarsdóttir og Valdimar Örnólfsson.
Einnig samþykkt að sæma eftirtalda Heiðurskrossi ÍSÍ á þinginu fyrir framúrskarandi störf í þágu íþróttahreyfingarinnar:
Unni Stefánsdóttur, Björgu Blöndal og Loga Kristjánsson.

Farið yfir fyrirkomulag kosninga. Samþykkt að gefa þeim sem í framboði eru svigrúm til að halda örstutta kynningu á sjálfum sér á þinginu.
Rætt um skipan dómstóla.

**2. Alþingiskosningar 2009**

Farið yfir svör stjórnmálaflokkanna. Samþykkt að láta svörin liggja fyrir á Íþróttaþingi ÍSÍ til kynningar.
Forseti skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með fulltrúum menntamálaráðuneytis.

**3. Fundargerðir**

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

- *159. fundur framkvæmdastjórnar*
- *6. fundur framkvæmdaráðs frá 3. apríl*
- *Verkefnasjóðs frá 2. apríl.*

**4. Þing og fundir**

Farið yfir þing og fundi sem framundan eru og mætingu fulltrúa framkvæmdastjórnar á þá viðburði.

**5. Önnur mál**

Helga Steinunn skýrði frá því að 1. maí nk. myndu fulltrúar frá Norrænu skólaíþróttanefndinni kynna sér skólahreystiverkefnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir fundarritari